
Likoma eyja


Rólegt líf

7000 manns, 5 bílar, og afslappað mannlíf á Malaví vatni.



Það fer ekki miklum sögum af Likoma eyju áður en trúboðar komu þangað fyrir 120 árum eða svo. Um það leyti sem Íslendingar fengu heimastjórn (1904) var reist gríðarstór dómkirkja á eynni (1909) og þar með var tryggt að í síðari tíma nýlendusamningum lenti eyjan Bretameginn (Malaví) þótt hún sé raunar miklu nær

Mósambík en Malaví. Nú eru þarna nokkur þúsund fiskimenn og smábændur, eitt gott ferðamannahótel og friður og ró sem erfitt er að líkja við nokkuð annað. Hér er augnablikið: Hér og nú. Annað skiptir litlu, nema orðatiltækið: Kannski á morgun.



VIÐSKIPTI

Eldiviður, ferðamenn, olía, matur, maís, - eiginlega allt er innflutt. Eyjan selur fisk á móti til þeirra sem vilja vörur, og „þjónustujöfnuð“ á seðlabankamáli fyrir þá sem vilja telja með gjaldeyrstekjurnar af ferðamönnum sem sækjast eftir friði og ró á eyjunni, tæru vatni, góðu loftslagi og smá dekri.



JAFN STÓR OG DÓMKIRKJAN Í WINCHESTER!

Trúboðaðarnir byggðu hana 1909 og vildu hafa jafn stóra að minnsta kosti og dómkirkjuna í Winchester (hvers vegana hana er önnur saga). Múrsteinarnir voru heimagerðir, þakið úr harðviði til að byrja með en síðari tíma leiðrétting kom með bárujarn, en fátt annað hefur breyst á 100 árum. Alltaf troðfullt á sunnudögum í messu. Og já, sement var ekki til svo menn bjuggu til steinlím úr maurapúfum.



HVÍTIR POSTULAR

Steindir gluggar í kirkjunni gleyma ekki postulunum. En á gluggunum eru allir postular og englar hvítir. Ekki hörundsökkir eins og hjá eþíópísku kirkjunni. Bretarnir voru nú ekkert í því að rugla saman kynþáttum í trúnni.



SPROTTINN AF HJARTA LIVINGSTONES

Aðaltrúboði Malaví var David Livingstone.

Jesútskurðurinn í kirkjunni er af tré sem óx upp á þeim stað sem hjarta Livingstones var grafið í tindós. Betra verður það ekki.





HRINGDU! Komið er farsímasamband á eyinni þegar vel gengur og hægt að stunda „import export” með ýmsan varning.

Mynd af Bingu forseta glæðir eflaust viðskipti í þessari krambúð sem ætti vel heima á Skólavörðustígnum.



VEITINGASTAÐUR

Hér væri gaman að fá sér snarl, ef ekki væri lokað!

BRAUÐSTRITID HÆTTIR ALDREI



Eldiviður kemur með bátum frá Mósambík

Nóg af varningi! Sápa, sígó, og hver þarf meira? Jú, gos, „the local Wallash“; Handsápa hefur aldrei verið





Ferðamaðurinn er ekki svikinn af friðsemd og fegurð eyjarinnar. Vatnið tært og 26 gráðu heitt, köfun, siglingar og sund við hvers manns hæfi og heimamenn stjarna við þá sem eiga peninga. Bakpokafólk á líka sinn stað..



ALGJÖRT HÉR OG NÚ: NIRVANA

Slökkt á farsíma, ekkert net nema maður heimti það, ekkert sjónvarp. Bara anda.





KANNSKI Á MORGUN

Þannig liður tíminn

